

Ed.

8. Frumvarp til laga

um notkun vegabréfa innanlands.

(Lagt fyrir Alþingi 1942.)

1. gr.

Ríkisstjórnin getur fyrirskipað, að allir menn, konur og karlar, 12 ára og eldri, skuli bera vegabréf, er lögreglustjóri gefur út. Má fyrirskipa notkun slíkra vegabréfa í einstökum umdæmum eða almennt eftir því, sem þörf þykir.

2. gr.

Skylt er að sýna vegabréf þessi, hvenær sem löggæzlumenn krefjast. Einnig geta viðkomandi eftirlitsmenn, svo sem dyraverðir, krafizt þess, að vegabréf sé sýnt, ef tiltekinn aldur eða hæfileiki er skilyrði fyrir komu eða dvöl á þeim stað.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð gerð og innihald vegabréfa og setur nánari reglur um notkun þeirra og framkvæmd laga þessara að öðru leyti. Kostnaður við útgáfu vegabréfanna greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum allt að kr. 10000.00.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um notkun vegabréfa innanlands.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að hann telji nauðsynlegt að heimila ríkisstjórninni að fyrirskipa mönnum að bera vegabréf innanlands, til þess að hægara sé að fá fulla vissu um það hverjir menn eru, aldur þeirra o. fl.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, tel ég rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórnin getur fyrirskipað, að allir menn, konur og karlar, 12 ára og eldri, skuli bera vegabréf, er lögreglustjóri gefur út. Má fyrirskipa notkun slíkra vegabréfa í einstökum umdæmum eða almennt eftir því, sem þörf þykir.

2. gr.

Skylt er að sýna vegabréf þessi, hvenær sem löggæzlumenn krefjast. Einnig geta viðkomandi eftirlitsmenn, svo sem dyraverðir, krafizt þess, að vegabréf sé sýnt, ef tiltekinn aldur eða hæfileiki er skilyrði fyrir komu eða dvöl á þeim stað.

3. gr.

Ríkisstjórnin ákveður með reglugerð gerð og innihald vegabréfa og setur nánari reglur um notkun þeirra og framkvæmd laga þessara að öðru leyti. Kostnaður við útgáfu vegabréfanna greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt lögum þessum, varða sektum allt að kr. 10000.00.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 9. des. 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.